

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. nóvember 2023

EFNI: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um Þingskjal 103 — 103. mál. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki). Á 154. löggjafarþingi 2023-2024.

Kvenréttindafélag Íslands styður framangreint frumvarp og telur það gífurlega mikilvæga réttarbót fyrir kvár, stálp og kynsegin fólk. Þá er mikilvægt að sú réttarbót eigi sér stað sem allra fyrst og ekki síst vegna þess bakslags sem við höfum orðið vitni að undanfarin misseri í réttindabaráttu þessa jaðarsetta hóps.

Frumvarp þetta bregst vel við kalli Kvenréttindafélagsins um lagalegar úrbætur fyrir kvár sem settar voru fram í skýrslunni “Að vera kvár á Íslandi” unnin af Birtu Ósk Hönnu, og var birt í september 2022. Skýrsluna er hægt að lesa hér:

https://kvenrettindafelag.is/wp-content/uploads/2022/09/Ad_vera_kvár_a_Islandi_Birta_Osk2022.pdf

Lög um kynrænt sjálfræði (nr. 80, 2019) gerðu ekki ráð fyrir kenninabreytingum sem eru óháðar skráðu kyni, né vernd í sambandi við ferðafrelsi kynsegin fólks. En sum kvár veigra sér við því að leiðrétta kynskráningu sína í Þjóðskrá vegna öryggisástæðna, m.a. þegar þau kjósa að ferðast. Víða getur verið hættulegt að hafa kynseginleika skráðan í persónuskilríki, svo sem vegabréfi, þar sem sum lönd viðurkenna ekki trans fólk eða það er beinlínis refsivert að vera trans. Þá eru sum kvár einnig smeyk við bakslagið sem er að eiga sér stað í réttindabaráttu þeirra hérlandis og möguleg skaðleg áhrif þess að rétta af kynskráningu sína.

Kenninabnf þarf samkvæmt núverandi lögum um mannanöfn að tengjast kynskráningu viðkomandi. Líkt og komið hefur fram þá veigra sum kvár sér við því að breyta skráningu kyns í Þjóðskrá og þar af leiðandi geta þau ekki borið það kenninabnf sem þau helst kjósa. Þess vegna er breyting á lögum um mannanöfn einnig mjög mikilvæg.

Mikilvægt er að skoða alla möguleika til þess að bæta atriði er varða hlutlausa kynskráningu. Vegna fordóma og ógnana sem kvár eiga hættu á að verða fyrir á ferðalögum getur boð um að vera með fleiri en eitt vegabréf bætt öryggi þeirra verulega. Einnig væri hægt að leyfa einstaklingum að velja kynskráningu í vegabréfi, til þess að tryggja persónulegt öryggi þeirra.

Mikilvægast er að kvár geti komist hjá mismunun sem þau kunna að verða fyrir vegna hlutlausri skráningu kyns á persónuskilríkjum sínum.

Lengi hefur verið vitað að kynvitund getur verið flæðandi og hún getur breyst hjá einstaklingi eftir stað og tíma. Mikilvægt er að slaka á ströngum reglum um að ekki megi breyta kynskráningu oftari en einu sinni. Þetta getur valdið sumu trans fólki kynama, eða mikilli vanlíðan.

Kvenréttindafélag Íslands tekur einnig undir umsagnir Trans Íslands félags trans fólks á Íslandi, Intersex Ísland og Mannréttindaskrifstofu Íslands um fyrrgreint frumvarp.

Með vinsemd og virðingu,

Tatjana Latinovic
formaður Kvenréttindafélags Íslands